



MENNTAMÁLASTOFNUN

## Mat framhaldsskóla á framkvæmd sjálfsmats í aðdraganda ytra mats

Hugleiðingar um næstu skref í ytra mati á grunnskólum

Tekið saman af Björk Ólafsdóttur

Mars 2018

## Inngangur

Haustið 2017 lagði vinnuhópur um endurskoðun framkvæmdar ytra mats á grunnskólum fram tillögur að nýju verklagi við framkvæmd ytra matsins. Ein af þeim tillögum sem hópirinn lagði fram sneri að því að leita leiða til að styrkja innra mat skólanna þar sem það væri sá þáttur sem flestir skólanna sem þegar hafa farið í ytra mat þurfa að bæta. Tillaga vinnuhópsins hljóðaði:

„Til að styrkja innra matið væri hægt að fela skólum að skoða starf sitt með hliðsjón af matsviðmiðunum áður en ytra matið fer fram. Sú leið hefur undanfarin misseri verið farin í framhaldsskólum og virðist sem hún gæti einnig hentað grunnskólum þó útfærslan yrði önnur. Lagt er til að kannað verði hjá framhaldsskólum hvort innra mat þeirra hefur styrkst eftir að aukin áhersla var lögð á sjálfsmat í aðdraganda ytra mats. Ef reynsla framhaldsskólanna er jákvæð mætti skoða nánar slíka nálgun fyrir grunnskóla þó ekki yrði farin nákvæmlega sama leið.“ (Vinnuhópur um endurskoðun framkvæmdar ytra mats á grunnskólum, 2017)

Árið 2016 var það verklag tekið upp í ytra mati á framhaldsskólum að að skólar meti sig sjálfir á skilgreindum viðmiðum í aðdraganda ytra matsins. Í þeim tilgangi að afla upplýsinga um reynslu skólanna af þessu nýja verklagi voru í febrúar 2018 sendar spurningar á skólameistara þeirra ellefu framhaldsskóla, sem höfðu verið metnir árin 2016 og 2017. Óskað var eftir að fá svar við eftirfarandi spurningum:

1. Hvernig mæltist þetta nýja fyrirkomulag, að gera sjálfsmat í aðdraganda ytra mats, fyrir í skólanum og hver er reynsla skólans af því?
  - a. Hverjir eru helstu kostir og annmarkar við það?
  - b. Útheimti það mikla vinnu af hálfu skólans?
  - c. Myndir þú mæla með að í næsta matshring (eftir ca. 5 ár) verði farin sama leið við að safna upplýsingum fyrir ytra matið? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
2. Hvernig stóð skólinn að öflun gagna fyrir sjálfsmatið sem var gert í aðdraganda ytra matsins?
3. Telur þú að viðmiðin og þessi nýja leið við ytra matið hafi áhrif á innra mat skólans? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

Svör bárust frá tíu skólum af ellefu og verður gerð grein fyrir svörum hér á eftir.

## Viðhorf til helstu kosta og annmarka við verklagið

Átta skólar af tíu nefndu að þetta nýja fyrirkomulag hefði mælst vel fyrir í skólanum. Í einu svarinu sagði: „Við getum fullyrt að mikil ánægja var með sjálfsmatið hjá okkur og við mælum hiklaust með að það verði tekið upp á fleiri skólastigum“. Einn skóli nefndi hins vegar að þetta hefði komið afar illa út og sjálfsmatið hefði borið öll einkenni *Top down* stjórnsýslu. Í þeim skóla kom fram óánægja með fagmennsku og þekkingu matsaðila á matsfræðum og framhaldsskólakerfinu á Íslandi.

## Helstu kostir

Ýmsir kostir voru nefndir við þetta nýja fyrirkomulag og voru þar nefndir þættir eins og:

- Góður undirbúningur fyrir ytra mat: Skólinn fær fyrirfram upplýsingar um hvað matsmenn í ytra mati munu leggja áherslu á og skoða sérstaklega. Sjálfsmatið undirbjó fólk fyrir viðtölin í ytra matinu.
- Stuðlar að viðtækari þátttöku innan skólans: Þetta kallar á aðkomu fleiri starfsmanna og nemenda að matinu. Margir komu að matinu, sjónarmið flestra kennara komu við sögu og einnig milli-stjórnenda. Mikið var lagt upp úr vinnu rýnihópa allra hagsmunaaðila skólans - sá þáttur matsins var bæði gagnlegur og lærdómsríkur.
- Skýrari mynd af stöðu skólans: Matsaðilar ættu með þessu lagi að fá skýra mynd af starfsemi skólans og flest þau gögn sem liggja að baki mati skólans. Sjálfsmatið dregur upp skýra mynd af styrkleikum og veikleikum skólans – það dregur fram helstu þætti í starfi skólans og rammar inn þær megináherslur sem eru í skólastarfinu.
- Verklagið hvetjandi fyrir skóla: Hvetjandi að fara í gegnum matið og finna rök og gögn fyrir svörunum. Veitir leiðsögn til framtíðar.
- Framkvæmd sjálfsmatsins skýr: Mjög skýrt hvað átti að gera. Matið var mjög yfirgripsmikið og tók til mjög margra atriða. Spurningarnar voru einfaldar og hnitmiðaðar þannig að auðvelt hafi reynst að meta flesta þætti skólastarfsins.

## Helstu annmarkar

Hvað varðar annmarka við framkvæmd sjálfsmats í aðdraganda ytra mats voru eftirfarandi þættir nefndir:

- Of skammur tími til að framkvæma innra mat. Ytra matið var kynnt með allt of stuttum fyrirvara og framkvæmd innra matsins var þ.a.l. ekki nógu góð. Fyrirvarinn á að hafa allt klárt var of skammur og erfitt var að vanda til verka.
- Ekki tiltæk gögn um alla matsþætti. Erfitt að leggja mat á tiltekna matsþætti vegna skorts á gögnum, s.s. um langtímaárangur (sbr. kafli 5.3). Einstaka vísbendingar sem erfitt er að leggja mat á vegna þess að þær eru of víðfeðmar (t.d. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum) eða utan skilgreinds hlutverks skólans (t.d. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum).
- Innra matið tók langan tíma og ýta þurfti öðrum verkefnum til hliðar á meðan.

## Viðhorf til vinnuálags af verkefninu

Almennt voru skólarnir á því að sjálfsmatið hafi útheimt mikla vinnu, bæði hjá stjórnendum og þeim sem söfnuðu saman gögnum. Flestir voru þó þeirrar skoðunar að það væri mikilvæg vinna. Bent var á að gefa þyrfti lengri tíma til að vinna að sjálfsmatinu því sjálfsmatshópurinn/-hóparnir þyrftu að koma saman eftir hefðbundinn vinnudag. Í því samhengi var líka bent á að mikilvægt væri að matsaðilar væru meðvitaðir um álagstíma í starfi framhaldsskóla hvað varðar tímasetningar ytra matsins.

Einn benti á að mikil vinna hafi farið í að taka saman upplýsingar um nemendur (s.s. flokkun nemenda eftir kyni, búsetu og brautum) sem hafi síðan ekkert verið nýttar til greiningar eða ígrundunar og því hafi þetta verið mikil vinna sem engum nýttist.

### Viðhorf til endurtekningar í næsta matshring

Flestir skólarnir voru jákvæðir fyrir að endurtaka þetta verklag í næsta matshring en margir bentu á að þörf væri á meiri fyrirvara. Í því samhengi var lagt til að hafa sjálfsmatsformið klárt og kynna það fyrir öllum skólum svo þeir geti safnað gögnum sem styðja við sjálfsmatið jafnóðum. Það væru gagnlegar upplýsingar sem gott væri fyrir skólann að hafa tiltækar þegar kæmi að ytra matinu.

Tvær ábendingar komu fram um almenna framkvæmd ytra matsins. Var bent á annars vegar að matssviðið þyrfti að vera víðara en nú er og taka á fleiri þáttum – og hins vegar að efla þyrfti úttektina þannig að farið væri í kennslustundir og námsáætlanir og próf væru skoðuð.

### Hvernig skólarnir stóðu að öflun gagna fyrir sjálfsmatið

Í öllum skólunum voru stjórnendur, millistjórnendur og skrifstofufólk í lykilhlutverki þegar kom að því að taka saman gögn. Í flestum skólum voru settir saman matshópar, einn eða fleiri, sem unnu úr fyrirliggjandi gögnum og mátu vísbendingarnar. Hvernig matshóparnir voru samsettir kom almennt ekki fram en þó var augljóst að kennarar og starfsfólk skólans voru þar í lykilhlutverki – og oft líka nemendur og í einhverjum tilvikum foreldrar. Í einum skóla mynduðu stjórnendur matshópin og funduðu með öðrum starfsmönnum skólans eins og á þurfti að halda. Í einhverjum tilvikum fór fram sérstök gagnaöflun fyrir matið s.s. með rýnihópum.

### Áhrif viðmiða og ytra mats á innra mat skólans

Lang flestir skólarnir (nú af tíu) álitu að viðmiðin og ytra matið hefði jákvæð áhrif á innra mat skólans. Nokkrir nefndu t.d. að gerð umbótaáætlunar og að fylgjast markvisst með hvernig henni miðaði í gegn um innra mat væri gott verklag. Aðrir töluðu um gagnsemi þess fyrir innra matið að hafa viðmiðin og töldu þau bæta við þáttum sem áður hefðu ekki verið skoðaðir í innra mati skólans. Þá var í einum skóla nefnt að samtal matsaðila við innra-matshópin hafi verið gagnlegt og gefið hópnum hugmyndir um verklag og aðferðir við innra mat. Í tveimur skólum varð ytra matið til þess að ráðist var í endurskoðun og umbætur á innra matinu – í öðrum skólanum var innra matið aðlagð í meira mæli að ytra matinu og í hinum skólanum er í undirbúningi að skipa sjálfsmatsteymi með fulltrúum starfsfólks, nemenda og annarra hagsmunaaðila og fyrir liggur að þróa gæðakerfi fyrir skólann sem innra matið verður hluti af.

Í einum skóla höfðu viðmiðin og ytra matið að sögn skólameistara ekki áhrif á innra mat skólans.

### Umræða og ábendingar

Niðurstöður eru afdráttarlausar með að framhaldsskólar álíta það gott verklag að þeir meti starf sitt út frá viðmiðum og vísbendingum ytra mats áður en ytra mat á skólunum fer fram. Margt mælir með að þessi leið verði farin í grunnskólunum líka. Engu að síður verður að hafa í huga að aðstæður í grunnskólum eru um margt ólíkar aðstæðum framhaldsskólanna.

Úttekt sem gerð var á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla og framhaldsskóla á árunum 2007-2009 leiddi í ljós um 80% framhaldsskóla voru á þessum tíma með fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir, 14% með fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir að hluta og 7% sem ekki uppfylltu viðmið um fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir. Hjá grunnskólum var staðan á þessum tíma þannig að einungis 30% grunnskóla voru með fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir, 20% með fullnægjandi að hluta og 50% grunnskóla uppfylltu ekki viðmið um fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir. Af þessu er ljóst að þróunarstig sjálfsmats/innra mat í grunnskólum er annað en í framhaldsskólum og má leiða að því líkum að

framhaldsskólar séu tilbúnari til að vinna sjálfsmat í aðdraganda ytra mats heldur en grunnskólar. Að auki kemur að framhaldsskólar eru núna á öðrum matshring ytra mats – búnir að fá einu sinni ábendingar um hvað má betur fara í skólasterfinu, þ.m.t. í innra mati – en grunnskólarnir eru á fyrsta matshring og hafa því ekki áður fengið ábendingar um umbætur á innra mati.

Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt að það að koma á og þróa árangursríkt sjálfsmat í grunnskólum er alltaf erfiðleikum bundið og krefst verulegs stuðnings og bjarga þar sem skólar hafa takmarkaða getu til að framkvæma innra mat. Engin ástæða er til að halda að það sé öðruvísi hér á landi. Spurning er því hvort e.t.v. þurfi að setja bjargir í að hjálpa grunnskólum að byggja upp innra, t.d. á grundvelli viðmiða ytra mats, áður en væntingar eru gerðar til skóla um að þeir framkvæmi innra mat sem ytra mat getur byggt á.

Þá má tilgreina að grunnskólar hafa síðustu ár kvartað yfir miklu vinnuálagi og deilt á stjórnsýsluna fyrir að setja stöðugt á þá fleiri verkefni. Því er ekki ólíklegt að verklag við ytra mat sem kallar á talsvert aukna vinnu fyrir grunnskólana geti leitt til óæskilegra hliðarverkana, þar má nefna:

- Þar sem niðurstöður ytra mats á grunnskólum hafa leitt í ljós að mikil brotalöm er í framkvæmd innra mats í flestum skólum þá liggja almennt ekki fyrir mikið af gögnum sem skólarnir geta byggt á þegar þeir meta sig í aðdraganda ytra mats. Það getur leitt til gagnaöflunar eingöngu í því skyni að þjóna ytra matinu – þ.e. innra matið felur þá í sér stakan atburð en ekki umbótamiðað síendurtekið ferli.
- Aukið vinnuálag getur leitt til neikvæðni gagnvart ytra matinu sem getur haft áhrif á hvernig unnið er með niðurstöður þess – og sem afleiðing af því hversu árangursríkt það verður við að stuðla að umbótum.
- Vegna þess hve tími grunnskólakennara er takmörkuð auðlind er hættu á að vinna við innra matið lendi aðallega (og hugsanlega eingöngu) á herðum stjórnenda. Það er ekki sú lýðræðislega nálgun sem aðalnámskrá grunnskóla leggur upp með varðandi innra mat og ekki til þess fallið að efla skólana sem lærdómsstofnanir.

Kostirnir við að grunnskólar meti sig á grundvelli viðmiða í aðdraganda ytra mats eru annars vegar að það ýtir þeim af stað (eða hvetur þá áfram) í aukið innra mat og hins vegar geta viðmiðin komið inn með nýja matsþætti og þannig víkkað umfang þess innra mats sem fyrir er. Einnig getur ávinningur af ytra matinu aukist því til viðbótar við að fá ábendingar um það sem betur má fara í skólasterfinu þá sjá skólarnir að hve miklu leyti ytra matið endurspeglar þeirra eigið mat á starfsemi sinni.

Hugsanlega væri hægt að stuðla að ávinningi þess að flétta saman innra og ytra mat og koma í veg fyrir óæskilegar hliðarverkanir að einhverju leyti með því að:

- Kynna fyrir grunnskólum með góðum fyrirvara (1 ár) hvers er vænst af þeim í aðdraganda ytra matsins og bjóða grunnskólum upp á ráðgjöf og/eða stuðning við innra matið.
- Byrja smátt og leggja áherslu á að grunnskólar meti til að byrja með einungis einn þátt af þeim sem ytra matið tekur fyrir, t.d. nám og kennslu.
- Gera skólum kleift að nýta viðmiðin rafrænt og þannig auðvelda þeim að fylgjast með stöðu og framförum.